



### Fundargerð

Fimmtudaginn 15. desember 2011 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson, Guðjón Ólafsson fræðslustjóri og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsáætlun 2012

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags og skólaþjónustunnar 2012. Rekstrartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 170.5 m. kr.. Framlög sveitarfélaganna til rekstrar eru áætluð 49,5 milljónir og framlög vegna málefna fatlaðra eru áætluð 63,7 milljónir. Samanlögð rekstrargjöld eru áætluð 177,1 milljón. Í sjóðstreymi áætlunar kemur fram að handbært fé frá rekstri er áætlað 1,8 milljónir og að teknu tilliti til fjármögnunarahreyfinga er áætlað að handbært fé í árslok verði 1,7 milljónir króna.

Fjárhagsáætlun var rædd en hún var síðan samþykkt samhljóða.

#### 2. Skúlabraut 22.

Fyrir fundinum lágu gögn um mögulegt kaupverð og fjárhagslega meðferð ef Félags- og skólaþjónusta keypti eignina Skúlabraut 22 fyrir sambylí fatlaðra af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Tillaga um kaupverð 14,5 milljónir króna lá fyrir fundinum og jafnframt að greiða megi eignina með skuldabréfi til 25 ára á 2% vöxtum. Við umræðu um fjárhagsáætlun hafði komið fram að reiknað er með 2,1 milljóna króna leigu fyrir húsnæðið í rekstraráætlun sambylisisins. Stjórnarmenn yfirfóru forsendur fyrir kaupunum og samþykktu að fela formanni og framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og fá fram kaupsamning sem yrði lagður fyrir stjórn og kynntur í sveitarstjórnnum áður en til undirritunar kæmi.

#### 3. Fundargerðir:

a) Starfshóps vegna ráðgjafar um málefni fatlaðra, 5.12.2011

Á umræddum fundi sátu Eydís Aðalbjörnsdóttir, félagsmálastjóri Húnþingi vestra, Auður H. Sigurðardóttir, félagsmálastjóri Félags og skólaþjónustu A-Hún, Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri byggðasamlags málefna fatlaðra

Fundurinn sem var haldinn til að fjalla um starfshlutföll í ráðgjöf við fatlaða bæði börn og fullorðna komst að þeirri niðurstöðu skv. bókun í 3 lið fundargerðarinnar að ráðgjöf verði frá nk. áramótum alfarið á ábyrgð félagsþjónustu hvors svæðis þ.e. Húnþing vestra verði með ráðgjöf við fatlaða á sínu svæði og Félags- og skólaþjónusta A-Hún á sínu svæði. Jafnframt er lagt til að 50% staða verði við ráðgjöf í Húnþingi vestra og 50%



## Félags- og skólaþjónusta A- Hún

---

staða í hjá Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Þessi breyting tákni að aukning verði um 10% stöðu í Húnaþingi vestra og minnkun um 30% stöðu í A-Hún.

Stjórnin ræddi niðurstöðu fundarins og samþykkti svohljóðandi bókun:

*„Stjórn Félags og skólaþjónustu A-Hún mótmælir harðlega þeirri niðurstöðu sem varð á fundi um ráðgjöf í málefnum fatlaðra 5. desember 2011 og fram kemur í 3. lið þeirrar fundargerðar.*

*Stjórnin beinir því til stjórnar SSNV/Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Nl. vestra að gera heildstæða úttekt á þjónustubörf í málefnum fatlaðra á þjónustusvæðinu öllu og jafnframt að gerð verði grein fyrir hvernig kostnaði, störfum og/eða starfshlutföllum sé háttað vegna þeirrar þjónustu.“*

b) Starfshóps um sameiginlega barnaverndarnefnd Nl. vestra, 27.10.2011  
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

c) Starfshóps um sameiginlega barnaverndarnefnd Nl. vestra, 24.11.2011

d) Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

#### 4. Önnur mál

Félagsmálastjóri lagði fram útreikninga og samanburð á kostnaði og kostum skráningarkerfa fyrir félagsþjónustur. Annarsvegar vegna Grósku og hins vegar vegna One-system kerfis.

Samþykkt að hún vinni áfram að því að taka upp skráningarkerfið Grósku.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.20

Magnús Sigurðsson,

Zophonías Ari Lárusson,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson

Guðjón Ólafsson